

Lög

um breyting á lögum nr. 86/2011, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum (heimildir ÁTVR til að hafna áfengi).

1. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Jafnræðis skal gætt við val á vöru og ákvörðun um sölu og dreifingu áfengis.

ÁTVR er heimilt að hafna áfengi ef varan sjálf, umbúðir hennar eða markaðssetning:

- höfðar sérstaklega til barna eða ungmenna yngri en 20 ára, m.a. hvað varðar texta, myndmál eða form,
- sýnir börn eða ungmenni yngri en 20 ára,
- gefur til kynna að áfengi auki líkamlega, andlega, félagslega eða kynferðislega getu,
- gefur til kynna að áfengi hafi lækningaeiginleika,
- felur í sér happdrætti, tilboð eða kaupauka,
- hvetur til óhóflegrar neyslu áfengis,
- tengist aðstæðum þar sem neysla áfengis skapar slyshættu eða er refsiverð,
- skírskotar eða hvetur til refsiverðrar háttsemi,
- skírskotar eða hvetur til neyslu ólöglegra ávana- og fíkniefna.

ÁTVR er heimilt að hafna áfengi ef umbúðir þess líkjast svo annarri vöru sem boðin er til sölu eða auglýst á almennum markaði hér á landi að neytendur geta ekki auðveldlega greint á milli þeirra.

ÁTVR er heimilt að hafna áfengi sem inniheldur koffein og önnur örvandi efni.

Ráðherra setur nánari reglur um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi. Reglurnar skulu miða að því að tryggja vöruúrval m.a. með hliðsjón af eftirspurn kaupenda, jafnframt því að tryggja framleiðendum og birgjum áfengis möguleika á að koma vörum í sölu í áfengisverslunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 16. maí 2014.